

## Viðbragðsáætlun vegna óveðurs

Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn, hér eftir nefndir forsjáradilar, fylgist vel með fréttum af veðri, veðurspám og öðrum tilmælum frá yfirvöldum sem gætu haft áhrif á skóla- og frístundastarf barna og bregðist við í samræmi við aðstæður hverju sinni. Veðurfar og aðstæður geta verið mismunandi eftir hverfum og breyst skjótt með ófyrirséðum hætti.

Mikilvægt er að fólk fari ekki af stað til skóla eða vinnu ef það treystir sér ekki eða er vanbúið til farar, t.d. ef bifreið er ekki búin til vetraraksturs.

Skóla- og frístundastarf fellur ekki niður nema tilkynnt sé um það sérstaklega. Í upphafi skóladags getur tafist að fullmanna skóla og mega forsjáradilar þá búast við því að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Forsjáradilar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

**Græn viðvörðun** gefur til kynna að spár hafi batnað eða að veðri sem var spáð hafi gengið yfir fyrr en áætlað var.

**Gul viðvörðun** Veðrið getur haft nokkur eða staðbundin áhrif og valdið töfum, slysum eða tjóni ef aðgát er ekki höfð. Slík veður eru ekki óalgeng en krefjast árvekni við skipulagningu atburða og ferðir milli landshluta. Óveruleg áhrif á samgöngur, innviði og þjónustu. Gul viðvörðun getur einnig gefið til kynna að litlar eða miðlungs líkur séu á mjög áhrifamiklu veðri á næstu 3–5 dögum.

Forsjáradilar þurfa að morgni að tryggja að starfsmaður sé í skólanum til að taka á móti börnunum þar sem einhver röskun getur orðið á skólastarfi vegna veðurs. Tafist getur að fullmanna skólann og mega forsjáradilar þá búast við að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Forsjáradilar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

**Appelsínugul viðvörðun** Miðlungs eða miklar líkur eru á veðri sem valdið getur miklum samfélagslegum áhrifum. Veðrið getur valdið tjóni og slysum og ógnar mögulega lífi og limum ef aðgát er ekki höfð. Skerðing á samgöngum, innviðum og þjónustu er tímabundin eða staðbundin. Veður sem þessi verða nokkrum sinnum á ári.

Forsjáradilar þurfa að morgni að tryggja að starfsmaður sé í skólanum til að taka á móti börnunum þar sem einhver röskun getur orðið á skólastarfi vegna veðurs. Tafist getur að fullmanna skólann og mega forsjáradilar þá búast við að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Forsjáradilar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

**Rauð viðvörðun** Miklar líkur eru á veðri sem hefur mjög mikil samfélagsleg áhrif eða slíkt veður stendur yfir. Einstaklega áköfum og hættulegum veðurskilyrðum er spáð. Búast má við miklum skemmdum, líkur á slysum eru miklar og veðrið ógnar lífi og limum. Viðbúið er að samgöngur lokist og aðgengi að innviðum og þjónustu skerðist.

Skóla- og frístundastarf fellur ekki niður nema það sé tilkynnt sérstaklega.

Í upphafi skóladags getur tafist að fullmanna skóla og mega forsjáradilar þá búast við að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Forsjáradilar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

Nánari upplýsingar <https://vefur.shs.is/wp-content/uploads/2021/09/ALM-vedurbaeklingur-forsjaradilar-IS.pdf>